

Landssamband eldri borgara.

Velferðarnefnd Alþingis

nefnasvid@althingi.is

Umsögn um mál nr. 338. Þingsályktun um seinkun klukkunnar og bjartari morgna.

Landssamband eldri borgara (LEB) sér bæði kosti og galla á því að seinka klukkunni. Greinilega eru til mjög misvísandi rannsóknir og/eða fullyrðingar um ágæti þess. Hvað varðar eldri borgara þá eiga þeir betur með að byrja daginn þegar bjart er orðið, heldur en í svartasta skammdeginu. Samtöl við marga eldri borgara staðfesta það. Stjórn LEB telur því að það geti haft góð áhrif á marga að seinka klukkunni og fá þar með bjartari morgna. Við teljum því að það væri vel við hæfi að gera tilraun með það til 3ja ára með endurskoðunarákvæði að þeim tíma liðnum. Félagsfræðileg rannsókn væri þá gerð að þeim tíma liðnum til að meta áhrif breytinganna.

Virðingarfyllt.

5. mars.2015.

F.h. Landssambands eldri borgara.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður LEB